

**Nd.**

**25. Frumvarp til laga**

[24. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

Flm.: Matthias Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson,  
Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

**1. gr.**

Seltjarnarneshreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Seltjarnarneshrepp og heitir Seltjarnarneskaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmi.

**2. gr.**

Um valdssvið bæjarfógeta í Seltjarnarneskaupstað og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

**3. gr.**

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Seltjarnarneshrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Seltjarnarneskaupstað.

**4. gr.**

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingar þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

**5. gr.**

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

### Greinargerð.

Með beiðni hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps um, að þingmenn kjördæmisins flyttu frumvarp um kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarneshrepp, fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps samþykkti á fundi sínum 13. september og 4. október s. l. að láta fara fram athugun á hagkvæmni þess að gera Seltjarnarneshrepp að kaupstað.

Sveitarstjóra og lögfræðingi hreppsins var falið að gera skýrslu um málið og draga þar fram kosti þess og galla.

Þar sem vitað var, að slíkar athuganir stöðu yfir hjá öðrum sveitarfélögum og enn fremur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, var í samráði við hreppsnefnd beðið eftir niðurstöðum þessara athugana.

Þau fylgiskjöl, sem send eru með þessari greinargerð, eru:

- Nr. 1. Greinargerð Sambands ísl. sveitarfélaga um stöðu hreppa og bæja í stjórnkerfinu.
- 2. „Frumvarp til laga“ um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni.
- 3. Greiðslur til sýslu 1968—1971.
- 4. Listi yfir greiðslur frá sýslu sama tíma — uppgjör sýslu- og sýsluvegasjóðs. —
- 5. Hugsanleg innh. bæjarfógetaembættis á Seltjarnarnesi og hugleiðing um innh. Gjaldheimtu ríkis og bæja, sem starfrækt yrði af sveitarstjórnarskrifstofunni.
- 6. Fulltrúaráðsfundur Samb. ísl. sveitarfélaga, er haldinn var 28.—29. mars s. l., fjallaði um mismun á stöðu sveitarfélaganna, og fylgir álit fundarins hér í ljósriti.
- 7. Sjúkrasamlag Seltjarnarness yrði sett hér upp aftur, og virðist það vera veruleg þjónustuaukning frá því, sem núgildandi lög gera ráð fyrir.

Full ástæða virðist að benda á, hve staða sveitarfélagsins yrði sterkari út á við, ef hér kæmi bæjarfélag, sem hefði þá innan sinna landamerka alla þá starfsemi, sem bæjarfélag veitir þegnum sínum.

Engin fullgild rök er hægt að færa fyrir því, að íbúar sveitarfélags, sem telur sig geta boðið íbúum sínum alla þá þjónustu, er sveitarfélögunum er ætlað að veita, séu ekki aðnjótandi allrar þeirrar þjónustu, er ríkið lætur íbúum bæjarfélaga í té.

Ekki þykir ástæða til sérstakrar greinar um lagalega stöðu sveitarfélagsins eftir breytinguna, þar sem slíkt kemur mjög vel fram í yfirliti Samb. ísl. sveitarfélaga.

Seltjarnarnes yrði eftir sem áður hluti Reykjaneskjördæmis, þannig að engin röskun yrði á kjördæmaskipan.

Sveitarstjóri Seltjarnarneshrepps.

S. Sigurðsson.

### Fylgiskjal.

Seltjn., 15. júní 1973.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps samþykkti á fundi sínum 8. júní s. l. tillögu um breytingu á stöðu sveitarfélagsins.

Tillagan ásamt fylgiskjöllum er send yður með þessu bréfi.

Eins og fram kemur í tillöggunni, mun verða óskað eftir því, að þingmenn Reykjaneskjördæmis flytji málið, þegar þing kemur saman í haust.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps mun síðar í sumar óska eftir fundi með þingmönnum um málið.

Virðingarfyllt,

Sveitarstjóri Seltjarnarneshrepps.

S. Sigurðsson.

Til alþingismanna Reykjaneskjördæmis.